



Minnisblað

Efni: Leið 23, seinkanir – tillögur að úrbótum


Frá: Skipulag/Leiðakerfi hjá Strætó bs.

Til: Garðabær

Dagsetning: 12.5.2021

INNGANGUR

Undanfarin ár hafa borist reglulega ábendingar um að leið 23 sé of sein. Verktakinn sem ekur leiðina hefur jafnframt minnst á þetta vandamál reglulega á stöðufundum með Strætó, að leiðin hafi of lítinn tíma til að ná akstrinum og það þurfi að stytta leiðina til að ná þessari leið á einum vagni eða minnka tíðnina. Að auki hafa vagnstjórar verktaka bent á þetta atriði á úrbótafundum og hafa nefnt að það sé mjög stressandi og veldur álagi að aka leiðina vegna tímaskorts. Vagnstjórar hafa reynt að keyra leiðina á tíma með því að keyra hraðar og vagnstjórar hafa fengið hraðasektir vegna þessa.



Mynd 1 Yfirlit yfir stundvísi leiðar 23 á virkum dögum í apríl 2021. Guli liturinn sýnir hlutfall brottfara af stoppistöðvum sem fara of seint af stað. Hæð súlunnar sýnir fjölda stoppa með mælingar. Sjá má að ferð sem fer milli 14:30 og 15:00 er hlutfallslega mest sein. Einnig má sjá að leiðin er töluvert sein á annatíma, sérstaklega seinni partinn.

Á seinustu árum hafa borist 45 ábendingar í gegnum ábendingakerfi Strætó um að leiðin sé of sein. Frá janúar til byrjun maí 2021 hafa borist 5 ábendingar og árið 2020 bárust 10 ábendingar. Að auki hafa borist fjöldi ábendinga í gegnum samfélagsmiðla auk munnlegra heimilda frá verktaka. Rauntímagögn Strætó styðja undir þessar ábendingar.

Í dag er leið 23 ein seinasta leið Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Í 30% tilvika á virkum dögum hefur leiðin farið of seint af stað frá stoppistöð á þessu ári. Til samanburðar hefur heildar leiðanet Strætó á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma verið með um 6,2% hlutfall brottfara þar sem farið er of seint frá stoppistöð á virkum dögum. Þegar gögnin eru rýnd nánar má sjá að á annatíma eru brottfarir frá stoppistöðvum í 50% tilvika of seinar á leið 23. Í apríl 2021 milli 14:00-

17:00 var leiðin 49,6% of sein frá stoppistöðvum, allt frá 0-34 mín of sein. Á Mynd 1 má sjá yfirlit yfir hlutfall seinkana á leið 23 í apríl 2021. Þar má sjá að leiðin er oftast sein á annatíma um morguninn og eftirmiðdaginn.

Á seinustu misserum hafa jafnframt verið gerðar breytingar á gatnakerfinu, til að mynda þarf leið 23 að taka krók í dag að hringtorgi við Flataskóla til að geta komist áfram að gatnamótunum við Hafnafjarðarveg/Vífilsstaðaveg sem lengir leiðina um 330 m í hverri ferð. Áður var hægt að beygja strax til vinstri og komast að gatnamótunum. Þá hafa verið miklar framkvæmdir við gatnamótin þar sem Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegur mætast sem hefur tafið leiðina enn frekar. Að auki er kominn beygjustraumur á allar beygjur við gatnamótin sem lengir biðtíma á leiðinni.

Þegar ferðum var fjölgað á leið 23 árið 2017 komu leiðakerfissérfræðingar Strætó því á framfæri að leiðin væri of löng til að geta haldið uppi þessari tíðni án þess að stytta leiðina. Leiðin hafði einnig verið sein áður en breytingarnar voru gerðar 2017, leiðin hefur því verið sein í fleiri ár.

Það er því nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar til að minnka álag á vagnstjóra og veita áreiðanlegri þjónustu til farþega.

TILLAGA AÐ ÚRBÓTUM

EKIÐ AÐ JÖRFAVEGI EFTIR ÞÖRFUM

Til að rýmka fyrir leiðinni tímalega séð leggur Strætó til að reyna að stytta leiðina að einhverju marki til að ekki þurfi að minnka tíðnina á leiðinni.

Sú stytting sem Strætó telur að myndi hafa hvað minnst áhrif á farþega leiðarinnar er að minnka akstur um Jörfaveg. Að auki myndi minni akstur um Jörfaveg hafa jákvæð áhrif á alla aðra farþega sem þurfa ekki að nýta stoppistöð við Jörfaveginna þar sem þeir farþegar myndu sleppa við að sitja í vagninum krókinn fram og til baka Jörfaveginna. Árið 2019 voru inn-/útstig á virkum degi við Jörfaveg um 2,5/3,1 og 2020 voru inn-/útstig við Jörfaveg 5,3/4,9.

Til að viðhalda sömu þjónustu við Jörfaveg þyrfti farþegi sem vill stíga inn í vagninn við Jörfaveg að geta haft samband við vagnstjóra til að láta vita hvort keyra eigi inn Jörfaveginna til að minnka tómakstur um Jörfaveginna. Með því að sleppa að aka Jörfaveginna sparast allt að 2 mínútur í hvert skipti sem gæti hjálpað til við tímaskortinn.

Nýlega hefur Strætó fengið aðgang að appi sem kallast Spare. Appið er hugsað undir pöntunarþjónustu en gæti verið notað af farþegum sem þurfa að ferðast frá Jörfavegi. Farþegar við Jörfaveginna gætu þá pantað ferð í appinu. Vagnstjórinn myndi þá fá skilaboð í gegnum appið að aka inn Jörfaveginna og þannig væri hægt að aka einungis inn Jörfaveginna þegar farþegi er við stoppistöðina. Farþegar sem myndu vilja fara út við Jörfaveginna gætu látið vagnstjórann vita í vagninum að þeir þurfi að fara út við Jörfaveg og myndi þá vagnstjórinn einungis aka Jörfaveginna þegar þess er óskað í stað allra ferða eins og gert er í dag.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að minnka óþarfa akstur og króka fyrir aðra farþega þannig að einungis yrði ekið inn Jörfaveginna þegar farþegar þyrftu að fara þangað. Jafnframt væri hægt að halda uppi sömu þjónustu við Jörfaveginna. Farþegar Jörfavegar þyrftu þó að muna að panta ferð frá Jörfavegi með appinu tímanlega og muna að láta vagnstjóra vita í vagninum ef þeir þurfa að fara út við Jörfaveginna. Þá gæti þó verið mögulegt að vagnstjórar gleymi að keyra inn Jörfaveginna þegar óskað hefur verið eftir því eða að farþegar gleymi að láta vita með appi eða með samtali við vagnstjóra að aka þurfi Jörfaveginna. Strætó telur þó kostina fleiri en gallana við þessa útfærslu, þ.e. að minnka tímaþrengingar á leiðinni, minnka tómakstur að Jörfavegi og minnka króka fyrir aðra farþega.


Ef þessi lausn verður fyrir valinu er mikilvægt að kynna þetta vel fyrir íbúum á Álftanesi, sérstaklega kynna þetta vel fyrir íbúum við Jörfaveginna ásamt því að fræða vagnstjórana um þessa nýju útfærslu. Þá þyrfti að útvega vagnstjóra snjalltæki þar sem hægt er að fá skilaboð frá appinu ásamt því að fara yfir hvernig mínútum er raðað á leiðina og hugsanlega gera mínútubreytingar á leiðinni samhliða (hliðra til mínútum).

Vert er að taka fram að reglulega kemur fyrir að leiðin er verulega sein, þá dugir ekki að aka einungis Jörfaveginna þegar þörf er á því. Þessi breyting er hins vegar breyting til batnaðar og getur hjálpað leiðinni að vera minna sein og líklegt er að þessi breyting dugi utan annatíma.

AUKIÐ SVIGRÚM SEINNIPARTINN

Leið 23 er í hvað mestum vandræðum á morgnana og seinni partinn á annatíma. Eftir morguninn nær leiðin þó iðulega að jafna sig þar sem leiðin ekur eftir kl 10:58 á klst fresti til kl 13:17. Hugsanlega er hægt að koma í veg fyrir mestu seinkunina á morgnana með því að aka einungis Jörfaveg þegar þörf er á því.

Seinni partinn er vandamálið hins vegar meira þar sem leiðin fær aldrei svigrúm til að jafna sig við seinkanir þar sem leiðin er á 30 mín fresti frá 14:17 til 20:47 og tekur oft lengur en 30 mín að aka hverja ferð. Milli kl. 14:17 -17:17 er algengt að leiðin taki 32-36 mín að klára hringinn og lenda því iðulega næstu ferðir í seinkunum fyrri ferða ofan á eigin seinkanir og er leiðin oft orðin yfir 10 mín sein strax eftir ferð kl. 14:47 sem síðan eykst eftir því sem líður á daginn.



Mynd 2 Sjá má meðaltíma sem tekur að aka hverja ferð seinni partinn á leið 23 (tímabil 1.2-10.5 2021). Græn lína sýnir áætlaðan tíma skv tímatöflu og appelsínugul lína sýnir hvenær næsta ferð á að fara af stað. Sjá má að í 6 ferðum fer tími ferðarinnar yfir þann tíma þegar næsta ferð á að vera farin af stað. Mesta seinkunin er á ferðum með brottför kl. 14:17, 14:47 og 17:17. Jafnframt er vert að athuga að leiðin nær aldrei að klára ferðina innan áætlaðs tíma, (fer alltaf yfir grænu línuna).

Reglulega gerist það að leið 23 „hringar sig“, þ.e. er orðin það sein að ein ferð er ekki farin til að ná upp seinkunum. Strætó vill því leggja til að breyta tíðninni frá 14:17-17:47 og hafa 35 mín á milli ferða. Ef sú breyting yrði gerð er líklegra að leiðin gæti klárað akstur hvernar ferðar áður en næsta ferð á að hefjast og þannig komið í veg fyrir að seinkanir hlaðist upp á hvora aðra eftir hverja ferð.

Strætó leggur því til að breyta tímaáætluninni þannig að brottfarir frá Ásgarði yrðu kl. 14:20, 14:55, 15:30, 16:05, 16:40 og 17:15. Samhliða breytingunni þyrfti að endurskipuleggja tímann á leiðinni og hliðra til mínútum. Með þessari breytingu fækkar ferðum um eina, en það gerist reglulega að leiðin hringi sig og sama staða kemur upp. Jafnframt er hægt að koma til móts við Garðaskóla, en tímum lýkur þar kl. 14:15. Áður fór ferðin kl. 14:17 af stað og hefur verið tæpt fyrir nemendur að ná leið 23 eftir tímann. Ef leið 23 fer 14:20 er líklegra að nemendur úr Garðaskóli nái ferðinni.

Með þessari breytingu er hægt að veita áreiðanlegri þjónustu og sýna raunhæfari tímaáætlanir til farþega. Einnig minnkar þetta stress fyrir vagnstjóra á leiðinni.

		7:28-8:58		9:58-10:58					14:17-20:47		21:47-22:47		
		Mín. yfir klst.		Mín. yfir klst.					Mín. yfir klst.		Mín. yfir klst.		
Ásgarður	6:58	28	58	28	58	11:58	12:28	13:17	17	47	P47	P23:47	
Vífilsstaðavegur / Sjávargrund	7:00	30	00	30	00	12:00	12:30	13:19	19	49	P49	P23:49	
		7:28-10:58		Mín. yfir klst.					17:47-20:47		21:47-22:47		
Ásgarður	6:58	28	58	11:58	12:28	13:17	14:20	14:55	15:30	16:05	16:40	17:15	P23:47
Vífilsstaðavegur / Sjávargrund	7:00	30	00	12:00	12:30	13:19	14:22	14:57	15:32	16:07	16:42	17:17	P23:49
Sjálundsskóli	7:00	30	00	12:00	12:30	13:19	14:22	14:57	15:32	16:07	16:42	17:17	P23:49
Vífilsstaðavegur / Sjáland	7:01	31	01	12:01	12:31	13:20	14:23	14:58	15:33	16:08	16:43	17:18	P23:50
Ásabraut / Arnarás	7:01	31	01	12:01	12:31	13:20	14:23	14:58	15:33	16:08	16:43	17:18	P23:50
Ásabraut / Birkiás	7:02	32	02	12:02	12:32	13:21	14:24	14:59	15:34	16:09	16:44	17:19	P23:51

Mynd 3 Efri áætlunin sýnir núverandi tímatöflu á leið 23 (sumar 2021). Neðri áætlunin sýnir tillögu að tímatöflu þar sem leið 23 er á 35 mín fresti milli 14:20 til 17:15.

AÐRAR AÐGERÐIR

- Í dag eru margar stoppistöðvar á leiðinni nálægt hvorri annarri. Æskilegt væri að sameina stoppistöðvar til að gera leiðina skilvirkari. Til að mynda er afar stutt á milli stoppistöðva við Hólmatún og Sjávargötu. Jafnframt er mjög stutt á milli Birkiáss og Brekkuáss við Ásabraut og það sama má segja á milli Ásabraut/Arnarás og Vífilsstaðarvegur/Sjáland.
- Forgangur á ljósum. Gatnamótin við Hafnafjarðarveg/Vífilsstaðaveg geta verið tímahamlandi. Gott væri fyrir Strætó, bæði leið 1 og leið 23 að fá forgang á ljósum.